



## MINNISBLAÐ

Til: TrueNorth – Þór Kjartansson

Frá: Umhverfisstofnun – Davíð Örvar Hansson

Dagsetning: 27.1.2016

Efni: Vegna máls UST201511-140 Leyfi til kvikmyndatöku - Mývatn

Mývatnssveit 27.1.2016

### Svar við ósk um heimild til að sökkva eftirlíkingu af bíl niður fyrir ís á Mývatni.

Afgreitt var í Mývatnssveit, þann 7. desember 2015 mál UST201511-140 um leyfi til kvikmyndatöku á- og við Mývatn. Þann 21. janúar 2016 barst tölvupóstur frá Þór Kjartanssyni fyrir hönd TrueNorth þar sem óskað var eftir leyfi til að brjóta vök í ís Mývatns og sökkva eftirlíkingu af bíl niður í vatnið.

Í tölvupóstinum kemur fram um aðgerðina:

Með eftirlíkingu af bíl er átt við skel sem búið er að hreinsa allt innan úr, alla vökva, vél, rafgeyma, gler, o.s.frv. Semsagt grind sem skilur ekki eftir sig mengun eða rusl. Þessi grind er búin loftbelgjum og búnaði á vör til að draga grindina fljótt upp aftur. Ekki er ætlast til að sökkva grindinni heldur að hún fari í gegnum ís langleiðina en síðan er hún dregin upp aftur. Þetta yrði framkvæmt eftir ströngustu öryggiskröfum og munum við verða með 6 manna kafarateymi með okkur allan tímann til aðstoðar.

Í tölvupósti d.s. þann 22.1.2016 kemur fram:

Sæll ég fékk það staðfest í dag að skelin af bíl sem notuð er, er hreinsuð af öllu og hægt að gufuhreinsa áður, einnig að það er vör fastur við bálinn.

Leitað var umsagna Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands og gera stofnanirnar ekki athugasemdir við veitt leyfi að því tilskyldu að farið verði í öllu eftir því sem fram kemur í tölvupóstum sem að framan er greint frá.

Umhverfisstofnun telur að verði farið að skilyrðum komi verknaðurinn ekki til með að hafa óásættanleg áhrif á lífríki Mývatns. Mikilvægt er að aðilar geri sér grein fyrir að lífríki Mývatns er viðkvæmt og hefur verið sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar yfir friðlýst svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu. TrueNorth er heimilað að brjóta vök í ísinn, sökkva gufuhreinsaðri eftirlíkingu af bíl í Mývatn en ber að gæta þess að vatnsdýpi sé nægjanlegt til þess að vatnsbotni verði ekki raskað. Að auki skal farið eftir því verklagi sem tiltekið er í tölvupóstum Þórs Kjartanssonar auk þess að fara að þeim skilyrðum sem fram koma í leyfisveitingu vegna málsins d.s. 7. desember 2015.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit skal sérstaklega látin vita þegar undirbúningur þessa tiltekna hluta kvikmyndagerðarinnar á sér stað.

Davíð Örvar Hansson